

# Reglur um val á samborgara Rangárþings ytra

## 1. grein

Markaðs-, menningar- og jafnfréttismálanefnd gengst ár hvert fyrir útnefningu á samborgara Rangárþings ytra.

## 2. grein

Markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd sér um undirbúning að vali samborgara Rangárþings ytra. Óskað skal eftir tilnefningum í Búkollu og á netmiðlum sveitarfélagsins. Með tilnefningu skal fylgja rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi.

## 3. grein

Í nóvember ár hvert er þeim einstaklingi, sem valin er samborgari Rangárþings ytra afhent viðurkenning í samræmi við reglur þessar. Tekið verður tillit til aldurs þannig að ef valið stendur á milli 2ja eða fleiri verði sá valinn sem elstur er.

Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda samborgara og viðeigandi ártal.

## 4. grein

Faglegt mat á útnefningu og framkvæmd verðlaunaafhendingar skal vera í höndum markaðs-, menningar og jafnréttismálanefndar.

## 5. grein

Samborgari getur verið hver sá sem hefur á einhvern hátt þótt skara fram úr með störfum sínum í sveitarfélaginu, hvort heldur sem er í atvinnu- eða félagslífi, með manngæsku, dugnaði eða öðru sem eftirtekt hefur vakið.

## 6. grein

Afhending viðurkenningar skal fara fram með þeirri viðhöfn sem markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd, í samráði við sveitarstjórn, ákveður hverju sinni.

## 7. grein.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Hella, 25.10.2023